

Íslensk getsþá

Samandreginn ársreikningur 2021

Íslensk getsþá
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Kt. 600886-1189

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Samandreginn tekju- og gjaldareikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9 - 12

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið rekur talnagetraunir samkvæmt heimild í lögum nr. 26/1986.

Samkvæmt tekju- og gjaldareikningi nam tekjuafgangur á árinu 2021, 2.415,7 millj. kr. og eigið fé í lok þess nam 1.769,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Arðgreiðslur til eignaraðila af tekjuafgangi ársins námu 2.779,5 millj. kr. á árinu. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 50,5 millj. kr. og lagðar voru 85,2 millj. kr. í varasjóð af tekjuafgangi ársins. Varðandi aðrar eignabreytingar er vísað til skýringa í ársreikningi.

Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu félagsins

Stjórn félagsins fylgist náið með framgangi COVID-19 heimsfaraldursins og metur reglulega möguleg áhrif sem það kann að hafa á rekstur og efnahag félagsins. Heildaráhrif faraldursins á efnahag, afkomu og sjóðstreymi Íslenskrar getspár voru óveruleg á árinu 2021.

Eignarhald

Stofnfé félagsins í árslok 2021 nam 3,3 millj. kr. Eignaraðilar eru þrír eins og í ársbyrjun og greinist eignaraðild þannig:

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands	46,67%
Öryrkjabandalag Íslands	40,00%
Ungmennafélag Íslands	13,33%

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun þess, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með áritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 30. mars 2022

Þóra M. Þórarinsdóttir
stjórnarformaður

Stefán Konráðsson
framkvæmdastjóri

Bergur Þ. Benjamínsson

Gunnar Bragason

Jóhann S. Ingimundarson

Lárus Blöndal

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Íslenskrar getspár

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskrar getspár fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma tekju- og gjaldareikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Íslenskrar getspár á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskri getspá í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslenskrar getspár. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákvörðun hafi verið tekin um að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun okkar byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits Íslenskrar getspár.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 30. mars 2022

BDO ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Fríða H. Elmarsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Samandreginn tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Tekjuafgangur fyrir afskriftir		2.489.828.464	2.239.754.542
Afskriftir		149.545.386	150.850.375
Tekjuafgangur án fjármagnsliða		2.340.283.078	2.088.904.167
Hreinar fjármunatekjur		<u>75.438.997</u>	<u>28.709.446</u>
Tekjuafgangur ársins	14	<u>2.415.722.075</u>	<u>2.117.613.613</u>
Ráðstöfun tekjuafgangs á árinu:	14		
Arður til eignaraðila		2.279.501.030	1.948.316.922
Lagt í varasjóð		85.204.835	77.123.576
Viðbótararður til eignaraðila		500.000.000	300.000.000
Annað eigið fé, hækkun (lækkun)		(448.983.790)	(207.826.885)
		<u>2.415.722.075</u>	<u>2.117.613.613</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir			
	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir:	11	184.842.716	286.130.961
Varanlegir rekstrarfjármunir:	12,13	162.962.806	160.720.630
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Bundið fé		77.787.046	77.080.054
Fastafjármunir samtals		<u>425.592.568</u>	<u>523.931.645</u>
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur		491.366.488	484.453.759
Aðrar skammtímakröfur		9.429.092	13.156.197
Handbært fé		2.323.398.175	1.898.086.357
Veltufjármunir samtals		<u>2.824.193.715</u>	<u>2.395.696.313</u>
Eignir samtals		<u><u>3.249.786.283</u></u>	<u><u>2.919.627.958</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
	14,15		
Stofnfé eignaraðila		3.307.304	3.307.304
Varasjóður		889.239.390	804.034.555
Annað eigið fé		876.518.601	1.325.502.392
Eigið fé samtals		<u>1.769.065.295</u>	<u>2.132.844.251</u>
Skammtímaskuldir:			
Fyrirfram innheimtar tekjur		64.145.640	63.229.420
Ógreiddir vinningar		629.246.156	209.210.139
Ógreiddur arður		521.175.931	239.085.732
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		266.153.261	275.258.416
Skuldir samtals		<u>1.480.720.988</u>	<u>786.783.707</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>3.249.786.283</u></u>	<u><u>2.919.627.958</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar:			
Tekjuafgangur ársins	14	2.415.722.075	2.117.613.613
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	11,12	149.545.386	150.850.375
Söluþap rekstrarfjármuna		0	1.068.750
Veltufé frá rekstri		2.565.267.461	2.269.532.738
 Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(3.185.584)	(111.799.323)
Bundið fé, hækkun	(706.992)	(4.009.458)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		411.847.081	128.581.816
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		407.954.505	12.773.035
Handbært fé frá rekstri		2.973.221.966	2.282.305.773
 Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	(50.499.317)	(46.523.848)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	7.600.000
Fjárfestingarhreyfingar	11,12	(50.499.317)	(38.923.848)
 Fjármögnunarhreyfingar:			
Arður til eignaraðila:		(2.497.410.831)	(2.189.767.830)
Fjármögnunarhreyfingar		(2.497.410.831)	(2.189.767.830)
 Breyting á handbæru fé		425.311.818	53.614.095
Handbært fé í ársbyrjun		1.898.086.357	1.844.472.262
Handbært fé í árslok		2.323.398.175	1.898.086.357

Skýringar

Lög og reglur

1. Íslensk getspá var stofnuð samkvæmt heimild í lögum nr. 26/1986, til handa Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands, til að starfrækja talna- eða bókstafagetraunir til eflingar íþróttum og starfsemi í þágu Öryrkjabandalagsins. Heimild þessi nær til ársins 2034.
2. Samkvæmt reglugerðum sem settar hafa verið með hliðsjón af lögum nr. 26/1986, rekur Íslensk getspá fjóra talnagetraunaleiki, en þeir eru Lottó 5/40, Jóker, Vikinglottó (Lottó 6/48 + 1/5) og EuroJackpot (5/50 + 2/10).

Í reglugerðum um leikina er m.a. að finna ákvæði um vinningshlutfall og skiptingu vinninga. Samkvæmt þeim skal verja 45% af heildarsölu hvernar leikviku í Lottó 5/40, 45% í Vikinglottó og 50% í EuroJackpot til greiðslu vinninga og skiptist vinningsfjárhæðin þannig:

Lottó 5/40:

- 57% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar.
- 2,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu.
- 14,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
- 17,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- 8,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu.

Vikinglottó:

- Vikinglottó er samvinnuverkefni lottófyrirtækja á Norðurlöndum, í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Slóveníu.
- Verðmæti vinninga í íslenskum krónum í vinningsflokkum 1 og 2 í Vikinglottó ákvarðast af kaupgengi evru á útdráttardegi. Vinningar í vinningsflokkum 1 og 2 skiptast þannig:
 - Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa 6 aðaltölur réttar og Víkingatöluna. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,130 evrur af andvirði hvers selds leiks til þessa vinningsflokks.
 - Annar vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa 6 aðaltölur réttar. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,013 evrur af andvirði hvers selds leiks til þessa vinningsflokks. Verðmæti
 - 0,042 evrur renna í jöfnunarsjóð sem hefur það hlutverk að tryggja að 1. vinningur verði aldrei undir 3 milljónum evra. Auk þess renna í jöfnunarsjóðinn auramismunur og ósóttir vinningar úr vinningsflokkum 1 og 2.
- Til annarra vinninga renna 45% af heildarsölu hvernar leikviku hér á landi, að frádreginni greiðslu Íslenskrar getspár til vinninga í vinningsflokkum 1 og 2. Aðrir vinningar skiptast í vinningsflokka í eftirgreindum hlutföllum:
 - 28% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina Víkingatölu.
 - 7% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar.
 - 12% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
 - 53% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar

EuroJackpot:

- EuroJackpot er samvinnuverkefni lottófyrirtækja á Íslandi og í 17 öðrum Evrópulöndum.
- Til vinninga renna 50% af sölu hvernar leikviku og skiptist það þannig:
 - 22% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
 - 5% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
 - 1,3% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 5 aðaltölur réttar.
 - 1,2% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
 - 0,95% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
 - 0,6% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 4 aðaltölur réttar.
 - 0,85% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".

Skýringar, frh.:

Lög og reglur (frh.)

EuroJackpot (frh.):

- 4,1% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur
- 3,45% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".

- 3,6% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- 12% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 1 aðaltölu rétta og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
- 22,95% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur
- 22% renna í jöfnunarsjóð sem hefur það hlutverk að tryggja að 1. vinningur sé aldrei undir 10 milljónum evra.

Jóker:

Í Jóker eru reglur um vinninga frábrugðnar hinum leikjunum. Þátttakendur velja 5 tölur á bilinu 0 til 9 og röð þeirra í útdrætti. Vinningsfjárhæðir eru 2.000 kr., 10.000 kr., 100.000 kr. og hæst 2.000.000 kr. Reiknað vinningshlutfall er að meðaltali 46,58%. Jóker er ekki sjálfstæður leikur, en eingöngu er hægt að taka þátt í honum ásamt Lottó 5/40, Vikinglottó eða EuroJackpot.

3. Samkvæmt samþykktum félagsins eiga eignaraðilar félagið í eftirtöldum hlutföllum og skal ágóða ráðstafað þannig:

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands.....	46,67%
Öryrkjabandalag Íslands.....	40,00%
Ungmennafélag Íslands.....	13,33%
	<hr/>
	100,00%

4. Samkvæmt samþykkt aðalfundar skulu 1,25 % af sölu reikningsársins lögð í varasjóð og nam tillag ársins 85,2 millj. kr.

Reikningsskilaaðferðir

5. **Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

6. **Innlausn tekna**

Sala sem tilheyrir reikningsárinu er færð í rekstrarreikninginn þó að útdráttur hafi ekki farið fram. Áfallnir vinningar og annar sölutengdur kostnaður eru færðir í rekstrarreikning.

7. **Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eignanna.

8. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna.

9. **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

10. **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar, frh.:

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Sölukerfi SGI	Samtals
Stofnverð 1.1.2021	681.829.548	681.829.548
Keypt á árinu	4.182.629	4.182.629
Aflagt á árinu	(265.767.490)	(265.767.490)
Stofnverð 31.12.2021	420.244.687	420.244.687
Afskrifað 1.1.2021	395.698.584	395.698.584
Afskrift ársins	105.470.874	105.470.874
Aflagt á árinu	(265.767.487)	(265.767.487)
Afskrifað 31.12.2021	235.401.971	235.401.971
Bókfært verð 1.1.2021	286.130.961	286.130.961
Bókfært verð 31.12.2021	184.842.716	184.842.716
Afskriftahlutföll	20%	

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2021	199.972.682	242.921.505	21.522.573	464.416.760
Keypt á árinu	12.821.847	33.494.841		46.316.688
Selt og aflagt á árinu		(44.799.422)		(44.799.422)
Stofnv. 31.12.2021	212.794.529	231.616.924	21.522.573	465.934.026
Afskrifað 1.1. 2021	149.444.930	146.900.560	7.350.640	303.696.130
Afskrift ársins	2.592.054	38.372.822	3.109.636	44.074.512
Selt og aflagt á árinu		(44.799.422)		(44.799.422)
Afskrifað 31.12.2021	152.036.984	140.473.960	10.460.276	302.971.220
Bókfært verð 1.1.2021	50.527.752	96.020.945	14.171.933	160.720.630
Bókfært verð 31.12.2021	60.757.545	91.142.964	11.062.297	162.962.806
Afskriftahlutföll	5%	20-25%	15%	

13. Fasteignamat og váttryggingaverð

Bókfært verð fasteignar félagsins nam 60,8 millj. kr. í árslok 2021 en fasteignamat hennar á sama tíma nam 324,8 millj. kr. Váttryggingaverðmæti eignarinnar nam 1.063 millj. kr. í árslok 2021. Váttryggingarverð annarra varanlegra rekstrarfjármuna nam 156,9 millj. kr. í árslok 2021.

Skýringar, frh.:

14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé eignaraðila	Varasjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	3.307.304	726.910.979	1.533.329.277	2.263.547.560
Tekjuafgangur ársins			2.117.613.613	2.117.613.613
Arður til eignaraðila af tekjuafgangi			(1.948.316.922)	(1.948.316.922)
Viðbótararður til eignaraðila			(300.000.000)	(300.000.000)
Lagt í varasjóð		77.123.576	(77.123.576)	0
Eigið fé 31.12.2020	3.307.304	804.034.555	1.325.502.392	2.132.844.251
Eigið fé 1.1.2021	3.307.304	804.034.555	1.325.502.392	2.132.844.251
Tekjuafgangur ársins			2.415.722.075	2.415.722.075
Arður til eignaraðila af tekjuafgangi			(2.279.501.030)	(2.279.501.030)
Viðbótararður til eignaraðila			(500.000.000)	(500.000.000)
Lagt í varasjóð		85.204.835	(85.204.835)	0
Eigið fé 31.12.2021	3.307.304	889.239.390	876.518.601	1.769.065.295

15. Skipting eigin fjár milli eignaraðila:

	Eignarhluti	Eigið fé
Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands	46,67%	825.622.773
Öryrkjabandalag Íslands	40,00%	707.626.118
Ungmennafélag Íslands	13,33%	235.816.404
	100,00%	1.769.065.295